

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns norður, Selhella 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. apríl 2008 breytingu á deiliskipulagi Selhrauns norður, Selhella 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitnum verður skipt í 2 reiti. Á reit A verður heimilt að byggja tveggja hæða verslunarhús, en á reit B verður heimilt að byggja fjögurra hæða skrifstofubyggingu. Hámarksnýtingarhlutfall verður 0,33. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 6. maí 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2008